

## REG-0257 Reglur um veitingu akademískra starfa

Við Listaháskólann starfa listamenn, hönnuðir og fræðimenn sem eru virkir hver á sínu fagsviði. Rektor ræður aðstoðarrektora, deildarforseta, prófessora, dósentu og lektora að undangengnu mati hæfisnefndar. Stöður eru auglýstar en heimilt er að ráða aðstoðarrektora, prófessora, dósentu og lektora án auglýsingar, svo fremi sem gilt hæfismat liggi fyrir. Heimilt er að ráða aðjúnkta án auglýsingar og hæfismats. Reglur þessar gilda ekki um ráðningu stundakennara.

### 1. SKIPAN HÆFISNEFNDA OG STARFSHÆTTIR

- 1.1. Hæfisnefnd skal skipuð þremur fulltrúum, tveimur fastafulltrúum tilnefndum af fagráði sem sitja til tveggja ára í senn og einum sem skipaður er fyrir hvert tilvik út frá sérþekkingu á tilteknu fagsviði. Varamenn skulu skipaðir fyrir báða fastafulltrúa. Viðkomandi deildarforseti tilnefnir þriðja fulltrúann í samráði við rektor Þegar staða aðstoðarrektors og deildarforseta er auglýst tilnefnir rektor þriðja fulltrúann. Rektor staðfestir skipan fastafulltrúa hæfisnefndar til hlutaðeigandi fulltrúa og skipar formann sem skal vera annar þeirra.
- 1.2. Í hæfisnefnd má skipa þá eina sem hafa þekkingu og reynslu í samræmi við alþjóðleg viðmið fyrir háskólakennara og lýst er í kafla 2. Miðað er við að minnst tveir nefndarmanna séu sérfræðingar á fræðasviði skólans en sá þriðji getur verið utan sviðsins. Í hæfisnefnd skulu sitja a.m.k. tveir fulltrúar sem ekki gegna föstu starfi við skólann.
- 1.3. Formaður hæfisnefndar tekur við umsóknargögnum frá skrifstofu skólans og kallar hæfisnefnd til starfa. Hæfisnefnd er heimilt að kalla eftir viðbótargögnum og skulu þá umsækjendur njóta jafnræðis.
- 1.4. Umsækjendur skulu upplýstir um skipan hæfisnefndar og hafa tækifæri á að gera athugasemdir innan tveggja daga. Að því loknu hefur nefndin alla jafna fimmtán virka daga til að skila áliti sínu til rektors.
- 1.5. Stjórn Listaháskóla Íslands getur sett nánari reglur um störf einstakra hæfisnefnda ef þurfa þykir.

### 2. MAT Á HÆFI

Við stöðuveitingar er farið eftir lögum um háskóla nr. 63/2006. Mat hæfisnefnda skal byggja á þessum lögum, reglum skólans um veitingu akademískra starfa, auglýsingu um viðkomandi starf sem og þeim viðmiðum sem lýst er hér að neðan. Hæfisnefnd getur leitað umsagna frá sérfræðingum um tiltekin verk eða störf umsækjenda.

#### 2.1. Menntun

bls 1

---

#### Upplýsingar um skjalið

Tegund:	Reglur
Útg.d:	8.8.2024
Útgáfa:	2.0
Áb.maður:	Mannauðsstjóri
Endurskoðun:	[Endurskoðunardagsetning]

Háskólakennarar með starfsheiti prófessora, dósenta og lektora skulu hafa „þekkingu og reynslu í samræmi við alþjóðleg viðmið fyrir viðkomandi starfsheiti á þeirra fræðasviði, staðfest með álitni hæfisnefndar eða með doktorsprófi frá viðurkenndum háskóla“, sjá 18. gr. laga um háskóla nr. 63/2006.

Við ráðningu háskólakennara í listgreinum setur Listaháskólinn það skilyrði að þeir hafi lokið að minnsta kosti meistaraþáttu, eða hafi sambærilega menntun, á því sérsviði sem starf þeirra innan skólans nær til. Þegar umsækjandi býr yfir framúrskarandi þekkingu og hefur að baki umfangsmikla reynslu sem listamaður má gera undantekningu og meta feril hans til jafngildis formlegri menntun. Við ráðningu háskólakennara í fræðigreinum setur Listaháskólinn það skilyrði að þeir hafi að baki rannsóknatengt framhaldsnám eða doktorsnám.

## 2.2. Listsköpun

Við mat á listrænum störfum skal meta eftirfarandi þætti: vettvangur, samhengi, tengsl og áhrif. Við framkvæmd matsins skal nota matskvarða skólans fyrir afrakstur á fræðasviði lista.

Prófessor skal vera leiðandi lista- eða fræðimaður með framúrskarandi þekkingu og umfangsmikla reynslu á sínu sérsviði. Verk hans eru umfangsmikið framlag til fagvettvangsins og hann er í fremstu röð innanlands og með markverða virkni á sínum fagvettvangi á alþjóðavísu.

Dósent skal hafa fest sig í sessi sem viðurkenndur lista- eða fræðimaður með staðgóða þekkingu og mikla reynslu á sínu sérsviði. Verk hans eru verulegt framlag til fagvettvangsins. Hann er í fremstu röð innanlands og er virkur á sínum fagvettvangi á alþjóðavísu.

Lektor skal hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sínu sérsviði og hafa verið virkur á fagvettvangi innanlands. Auk þess er reynsla á erlendum vettvangi æskileg, og sýnt skal að hann hafi alla burði til að verða leiðandi á sínu sviði.

## 2.3. Rannsóknir

Við mat á rannsóknum skal meta eftirfarandi þætti: vettvangur, samhengi, tengsl og áhrif. Við framkvæmd matsins skal nota matskvarða skólans fyrir afrakstur á fræðasviði lista.

Prófessor skal vera leiðandi lista- og/eða fræðimaður með framúrskarandi þekkingu og umfangsmikla reynslu á sínu sérsviði. Rannsóknir hans eru umfangsmikið framlag til fagvettvangsins og hann er í fremstu röð á vettvangi innanlands með markverða virkni á sínum fagvettvangi á alþjóðavísu.

Dósent skal hafa fest sig í sessi sem viðurkenndur lista- og/eða fræðimaður með staðgóða þekkingu og mikla reynslu á sínu sérsviði. Rannsóknir hans eru verulegt

framlag til fagvettvangsins og hann er í fremstu röð á vettvangi innanlands. Hann er virkur á sínum fagvettvangi á alþjóðavísu.

---

### Upplýsingar um skjalið

Tegund:	Reglur
Útg.d:	8.8.2024
Útgáfa:	2.0
Áb.maður:	Mannauðsstjóri
Endurskoðun:	[Endurskoðunardagsetning]

Lektor skal hafa töluverða þekkingu og reynslu á sínu sérsviði og hafa verið virkur í miðlun rannsókna á fagvettvangi innanlands. Auk þess er reynsla á erlendum vettvangi æskileg, og sýnt skal að hann hafi alla burði til að verða leiðandi á sínu sviði.

## 2.4. Kennsla og akademísk störf

Við mat á kennslu og akademískri reynslu skal meta eftirtalda þætti: kennsluvettvang, skólastig, kennslureynslu og þátttöku og frumkvæði í uppbyggingu skólstarfs.

Prófessor skal hafa umfangsmikla kennslureynslu á háskólastigi og hafa verið leiðandi í þróun náms og kennslu. Hann skal einnig hafa verið leiðandi í faglegri stefnumótun og öðru háskólastarfi. Hann hefur verið virkur í alþjóðlegu háskólaumhverfi með útgáfu, þátttöku í rannsóknum, samstarfsverkefnum og fyrirlestrum.

Dósent skal hafa kennslureynslu á háskólastigi og hafa tekið þátt í þróun náms og kennslu. Hann skal einnig hafa verið virkur í faglegri stefnumótun og öðru háskólastarfi. Hann hefur reynslu af alþjóðlegu háskólaumhverfi, til dæmis með þátttöku í útgáfu, rannsóknum, samstarfsverkefnum, kennslu eða fyrirlestrum.

Lektor skal hafa reynslu af kennslu, uppsetningu og skipulagi náms og námsmati. Sýnt skal að hann hafi alla burði til að verða leiðandi í þróun námskeiða, námsmats og þátttöku í innra starfi háskólans.

## 2.5. Stjórnun

Við mat á stjórnun skal meta eftirtalda þætti: þátttaka í starfi fagfélaga og hagsmunasamtaka, seta í nefndum og ráðum, akademísk stjórnun, stjórnun stofnana og fyrirtækja, og störf í þágu menningar og lista.

## 3. UM HÆFISNEFNDARÁLIT OG MEÐFERÐ ÞESS

- 3.1. Í upphafi hæfisnefndarálits skal hæfisnefnd gera grein fyrir þeim forsendum, gögnum og heimildum, sem hún byggir mat sitt á.
- 3.2. Fara skal með umsóknargögn, hæfisnefndarálit og önnur skjöl tengd hæfisnefndarstarfinu sem trúnaðarskjöl.
- 3.3. Hæfisnefnd skal meta hvort umsækjendur uppfylli tiltekin lágmarksskilyrði til að gegna starfinu sem um ræðir. Niðurstaða nefndarinnar felur ekki í sér mat á innbyrðis hæfi umsækjenda. Hæfismatið skal vera afdráttarlaust. Sé ágreiningur um þetta í hæfisnefnd skulu greidd atkvæði um hvern umsækjanda og ber hverjum hæfisnefndarmanni þá að taka afstöðu. Hverjum hæfisnefndarmanni er heimilt að gera grein fyrir mati sínu með séráliti.
- 3.4. Hæfisnefndarálit skal staðfest af öllum hæfisnefndarmönnum, sem ásamt umsóknargögnum skal berast rektor. Telji rektor álit ábótavant er honum heimilt að

---

### Upplýsingar um skjalið

Tegund:	Reglur
Útg.d:	8.8.2024
Útgáfa:	2.0
Áb.maður:	Mannauðsstjóri
Endurskoðun:	[Endurskoðunardagsetning]

senda það aftur til hæfisnefndar með athugasemdum. Hæfisnefnd er skylt að svara athugasemdum rektors.

- 3.5. Umsækjanda gefst kostur á að gera skriflegar athugasemdir við sitt hæfisnefndarálit áður en það er tekið til afgreiðslu. Berist athugasemdir innan tilskilinna tímamarka skulu þær bornar undir hæfisnefnd. Athugasemdir umsækjanda ásamt svari hæfisnefndar skulu fylgja álitinu til lokameðferðar.
- 3.6. Ef hæfisnefnd metur engan umsækjanda hæfan skal rektor skipa tímabundið í starfið.
- 3.7. Hæfismat sem verður til við umsókn um störf gildir í fjögur ár. Hljóti umsækjandi fastráðningu gildir hæfismatið fram að næsta hæfismati eða á meðan á ráðningarfestu stendur.

#### 4. RÁÐNING

- 4.1. Hæfisnefnd metur hæfi umsækjenda til lektors, dósents eða prófessors. Hæfismat ákvarðar þó ekki um ráðningu í tiltekið stöðuheiti, heldur er ráðið í samræmi við þarfir deilda.
- 4.2. Rektor veitir starfið eftir afgreiðslu hæfisnefndar og að undangengnum viðtölum.
- 4.3. Ráðningafesta lektors, dósents, prófessors og deildarforseta er til fjögurra ára. Endurráða má til annars fjögurra ára tímabils og síðan til tveggja ára án þess að staðan sé auglýst laus til umsóknar. Samfelldur ráðningartími skal ekki fara umfram 10 ár.

Í sérstökum tilfellum má ráða lektor, dósent, prófessor og deildarforseta til eins árs við upphaf ráðningartíma. Í þeim tilfellum er heimilt að endurráða í tvígang til fjögurra ára í senn og að lokum til eins árs án þess að staðan sé auglýst laus til umsóknar. Samfelldur ráðningartími skal ekki fara umfram 10 ár.

Ráðningarfesta aðstoðarrektora er fimm ár. Endurráða má starfandi aðstoðarrektor til annars fimm ára tímabils án þess að staðan sé auglýst laus til umsóknar. Samfelldur ráðningartími aðstoðarrektora skal ekki fara umfram 10 ár.

Ráðning aðjúkts getur verið tímabundin eða ótímabundin.

Hvers kyns fjarvera úr starfi, s.s. tímabundin tilfærsla í starfi, leyfi eða orlof, kemur ekki til lengingar á ráðningarfestu.

#### 5. ENDURRÁÐNING OG FRAMGANGUR

- 5.1. Skv. grein 4.3. er heimilt að endurráða án auglýsinga, en þó að því hámarki að heildarráðningartíminn fari ekki umfram 10 ár.
- 5.2. Akademískir starfsmenn með hæfi lektors og dósents geta sótt um framgang tvisvar sinnum á því 10 ára tímabili (4+4+2) sem fellur undir ráðningarfestu, óháð

---

##### Upplýsingar um skjalið

Tegund:	Reglur
Útg.d:	8.8.2024
Útgáfa:	2.0
Áb.maður:	Mannauðsstjóri
Endurskoðun:	[Endurskoðunardagsetning]

samningsskilum. Ný staða fellur þá undir ráðningarfestu upphaflegs ráðningarsamnings. Framgangur sem hlýst samkvæmt nýju hæfismati á haustönn tekur gildi 1. janúar á eftir. Framgangur sem hlýst samkvæmt nýju hæfismati á vorönn tekur gildi 1. ágúst á eftir.

5.3. Aðjúnktar án gilds hæfismats geta ekki hlotið framgang.

5.4. Þegar samningstímabili lýkur getur viðkomandi starfsmaður sótt um sama starf á samkeppnisgrundvelli sé það auglýst að nýju.

Samþykkt af stjórn Listaháskóla Íslands 20. júní 2024.

---

**Upplýsingar um skjalið**

Tegund:	Reglur
Útg.d:	8.8.2024
Útgáfa:	2.0
Áb.maður:	Mannauðsstjóri
Endurskoðun:	[Endurskoðunardagsetning]